

# Aðalfundur SNS

## Grand Hótel, 22. nóvember 2004

**Mætt voru:** Ingvar A. Sigurðsson [ingvar@nattsud.is](mailto:ingvar@nattsud.is) (NS), Sveinn Kári Valdimarsson [nr@sandgerdi.is](mailto:nr@sandgerdi.is) (NR), Linda Björk Holm [linda@sandgerdi.is](mailto:linda@sandgerdi.is) (NR), Sigrún Edda Eðvarðsdóttir [sigrune@delta.is](mailto:sigrune@delta.is) (NR), Róbert A. Stefánsson [nsv@nsv.is](mailto:nsv@nsv.is) (NSV), Hilmar Hallvarðsson [hilmar@bref.is](mailto:hilmar@bref.is) (NSV), Þorleifur Eiríksson [the@nave.is](mailto:the@nave.is) (NV), Anna G. Edvardsdóttir [arun@nave.is](mailto:arun@nave.is) (NV), Smári Haraldsson [frmst@frmst.is](mailto:frmst@frmst.is) (NV), Þorsteinn Sæmundsson [nnv@nnv.is](mailto:nnv@nnv.is) (NNV), Helgi Páll Jónsson [serf2@nnv.is](mailto:serf2@nnv.is) (NNV), Þorkell Lindberg Þórarinnsson [lindi@nna.is](mailto:lindi@nna.is) (NNA), Guðrún Á. Jónsdóttir [guðrun@na.is](mailto:guðrun@na.is) (NA) og Líneik Anna Sævarsdóttir [lineik@eldhorn.is](mailto:lineik@eldhorn.is) (NA).

Kl. 13:25 Fundur settur  
Formaður (Ingvar) setti fundinn.  
Þorleifur kosinn fundarstjóri, Róbert fundarritari.

Kl. 13:30 Skýrsla formanns – Ingvar

Strax að loknum Aðalfundi 2003 var samin fréttatilkynning sem send var fjölmiðlum, m.a. bæjarblöðunum á starfsvæðum stofanna. Í framhaldi af því kom frétt og viðtal við forstöðumann Náttúrustofu Vestfjarða í Bæjarins Besta á Ísafirði.

Þann 8. maí 2003 sendur tölvupóstur á vinnuhópana og spurst fyrir um vinnuna í hópunum. Fátt var um svör.

11. september 2003 hélt stjórnin sinn fyrsta fund. Rædd voru fjögur mál.
- Aðkoma náttúrustofa að undirbúningi ársfundar Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og náttúrustofa.
  - Hugmynd um að náttúrustofur ræði í vinnuhópi sínum á ársfundinum hvaða möguleikar væru á formlegu samstarfi milli NÍ og náttúrustofa.
  - Endurskoðun verkaskiptingar NÍ og náttúrustofa.
  - Lögboðinn fundur náttúrustofa með Umhverfisstofnun, NÍ og umhverfisráðuneytinu.

Fyrstu þrjú liðirnir voru afgreiddir með því að setja Guðrúnu og Þorstein (innanlandsnefndina) í málið. Fjórði liðurinn var afgreiddur með því að fela formanni að spyrjast fyrir um málið hjá umhverfisráðuneytinu.

- Símafundur stjórnar SNS 2. október 2003 (Aukaaðalfundur). Umsókn NNA að SNS. Aðild samþykkt og Náttúrustofa norðausturlands boðin velkomin í SNS.
- Ársfundur NÍ í byrjun október 2003. Róbert sá um sameiginlega kynningu á starfssemi Náttúrustofa.
- Þann 4. nóvember 2003 hringdi ritar nefndasviðs Alþingis í formann og spurði hvort fulltrúi SNS gæti mætt á fund með Umhverfisnefnd vegna fjárlaga 6. nóvember. Ingvar, Róbert og Menja fóru á fund umhverfisnefndar og kynntu sjónarmið SNS gagnvart fjárveitingu frá ríkinu til Náttúrustofanna.
- Fundur SNS með Ust, NÍ og Ur var haldinn 20. nóvember 2003 eftir að stjórnin hafði áður bent á að slíkan fund bæri að halda samkvæmt lögum. Ágætar umræður fóru fram á fundinum en niðurstöður urðu þær helstar að Ust og NÍ fundi með fulltrúum stofanna til að fara yfir samstarfið og að næsti fundur með ráðuneytinu verði haustið 2004. Ekki hefur enn verið boðað til hans.

- Boðað var til fundar Umhverfisstofnunar með fulltrúum SNS. 26. mars 2004. Fulltrúar SNS hittu Árna Bragason og Guðríði Þorvarðardóttur. Helgi Jenson komst ekki á fundinn. Farið verður í gegnum helstu niðurstöður fundarins síðar í dagskránni.
- Félagsfundur SNS í Sandgerði 3. apríl 2004. Þegar farið var að huga að því að halda aðalfund SNS var ákveðið var að fresta aðalfundi en halda í staðinn félagsfund. Ekki verður hér farið í gegnum allt sem rætt var á fundinum en m.a. var rætt um að taka saman lista yfir þau verkefni sem náttúrustofur eru og hafa verið að vinna að og samþykkt að gera forkönnun á stöðu og starfsemi náttúrustofa sem yrði fyrsta skrefið í úttekt á stofunum. Einnig var samþykkt að halda aðalfund í október. Átti fundurinn að verða á Húsavík og yrði auk venjulegra aðalfundarstarfa opinn fundur með kynningum.
- Stjórnarfundur í Aðalbyggingu HÍ 26. maí 2004. Þrjú mál voru rædd.
  - Veggspjaldasýning. Sveinn Kári kynnti hugmynd að veggspjaldasýningu á síðasta aðalfundi. Samþykkt var að biðja Svein um að halda áfram að vinna að verkinu.
  - Innanlandsnefndin hafði nýlega samband við allar náttúrustofurnar og bað um upplýsingar um verkefni sem stofurnar hafa unnið að fyrir sveitarfélögin. Stjórnin fagnar frumkvæðinu.
  - Úttekt á náttúrustofunum. Málið í raun tvíþætt.
    - Skilgreina þarf úttektina, þ.e. hvað á að taka út? Hér má nefna nokkrar spurningar sem þarf að svara. Eftir hverju eru/voru sveitarfélögin að sækjast. Hvað er Umhverfiráðuneytið að hugsa með náttúrustofunum. Hvert er hver náttúrustofa að stefna? Sérhæfing eftir aðstæðum?
    - Taka þarf ákvörðun um hvernig framkvæmdin verður. Verður ráðgjafafyrirtæki, lausráðinn starfsmaður eða nemi í framhldsnámi látinn vinna verkið? Ákveðið var að Þorleifur skoðaði þessa möguleika og aðra.

Samþykkt var að hraða þyrfti þessari vinnu og verður stjórnin að hafa frumkvæðið og sjá til þess að úttektin verði skilgrein.

- Tölvupóstur barst frá ritara nefndasviðs Alþingis þar sem spurt var hvort SNS gæti sett niður minnispunkta fyrir umhverfisnefnd vegna fjárframlaga til Náttúrustofa í fjárlögum fyrir árið 2005. Bréf var sett upp í skyndi, sent út, lesið og leiðrétt og sent umhverfisnefnd degi síðar.
- Fundur Ust með náttúruverndarnefndum sveitarfélaganna. Þegar fréttist af fyrirhuguðum fundi Ust með náttúruverndarnefndum sveitarfélaganna var haft samband við Ust til að kanna hvort náttúrustofunum yrði ekki boðið að mæta. Var fullyrt að svo yrði. Þegar aðeins nokkrir dagar voru í fundinn og ekkert boð hafði enn borist var aftur haft samband við Ust. Í framhaldinu hringdi Árne Bragason forstöðumaður náttúruverndarsviðs í alla forstöðumenn og bauð þeim og bað hann jafnframt afsökunar á því að okkur hefði ekki verið boðið fyrr. Fjórir forstöðumenn mættu þrátt fyrir mjög lítinn fyrirvara.
- Umsókn SNS til fjárlaganefndar um styrk til að taka út náttúrustofurnar. Sótt var um 3 milljón króna styrk til að taka út starfsemi stofanna.
- Kynning á starfsemi náttúrustofa á ársfundi NÍ og náttúrustofa. Mjög stuttur fyrirvari var á boðun náttúrustofanna og mættu fulltrúar fimm þeirra og kynnti Sveinn Kári starfsemi stofanna í stuttu erindi sem hann undirbjó ásamt Þorleifi.

Þess má að lokum geta að líflegast umræðan um málefni SNS hefur farið fram með tölvupósti og yrði allt of langt mál að fara í gegnum það allt hér.

Engar athugasemdir voru gerðar við skýrslu formanns en Guðrún stakk upp á að stofnarnar héldu oftari fundi og notuðust þá við fjarfundabúnað, sem er mun einfaldara í framkvæmd en að hittast. Samþykkt að fundurinn beini því til stjórnar að prófa að halda svona fund.

Kl. 13:47 Gjalddkeri stjórnar lagði fram reikninga. Á reikningum fyrir árið 2004 kemur fram að dráttarvextir voru nokkrir. Ástæða þess var sú að reikningar gleymdust í eða týndust úr pósthólfi SNS. Rætt hvort fela ætti einhverjum ákveðnum að vakta pósthólfið til að fyrirbyggja það. Fundurinn beinir því til stjórnar að finna lausn á málinu og jafnframt bent á að fleiri aðilar eru komnir í póstdreifingu.

Kl. 13:54 Skýrslur vinnuhópa

- A. **Samstarfsnefnd við NÍ** – Guðrún kynnti niðurstöður fundar hennar og Þorsteins með NÍ. Rætt var við NÍ um samstarf um verkefni og upplýsingastreymi milli NÍ og náttúrustofa og samræming vinnu. Byrjað verður á fáum verkefnum og samstarfið látið þróast. Varðandi upplýsingastreymi var talið æskilegt að stofnanirnar sendu sín á milli lista yfir þau verkefni sem verið er að vinna að og fyrirhuguð eru. Fundargerð fundarins verður send til fundarmanna í tölvupósti. Smári hvatti fundarmenn til að auka samstarf við NÍ og taldi að það væri gagnlegt fyrir allar stofnanirnar. Fundarmenn beina því til stjórnar og/eða innanlandsnefndar/samstarfsnefndar við NÍ að auka upplýsingastraum milli stofnana, t.d. með því að senda lista yfir verkefni til NÍ og fleiri stofnana eigi síðar en um miðjan mars og óska jafnframt eftir sams konar upplýsingum til baka. Þessar upplýsingar ætti að kynna fyrir heimafólki, t.d. á heimasíðu SNS og náttúrustofa.
- B. **Samstarfsnefnd við UST** – Ingvar kynnti niðurstöður fundar hans og Þorleifs með UST. Minnisblaði frá fundinum var dreift á fundinum.
- C. **Kynningarnefnd** – Linda kynnti niðurstöður (fundargerð nefndarinnar frá 6. september). Smári taldi rétt að SNS tæki upp merki samtakanna og að náttúrustofur kynntu sig saman sem eina heild, ekki að þær kynntu sig í hver í sínu lagi. Þorkell Lindberg taldi þessa umræðu nátengda við kynningu hans og Sveins (ritnefnd – sjá síðar). Umræðu framhaldið síðar á fundinum. Sveinn benti á að þrátt fyrir að sumar náttúrustofur hefðu kynnt efni á nýafstaðinni líffræðiráðstefnu, þá hefði því miður engin náttúrustofa verið þar með erindi. Ákveðið að ræða efnið nánar síðar á fundinum.
- D. **Ritnefnd SNS** – Sveinn og Þorkell Lindberg kynntu hugmynd sem dreift var á ljósritum um ritröð SNS. Hugmyndin fékk blendin viðbrögð, bæði góð og slæm. Fram kom að lífsnauðsynlegt er að náttúrustofur geri sig sýnilegar en jafnframt komu fram efasemdir vegna tímaskorts. Frekari umræðu vísað til kynningarmála síðar á fundinum.
- E. **Innanlandshópur** – Þorsteinn kynnti áfangaskýrslu um verkefni sem náttúrustofur hafa unnið fyrir sveitarfélög og dreifði samanteknum gögnum um verkefnin. Þorleifur lagði til að þessi skýrsla yrði útgefin á vegum SNS. Hægt að ræða frekar undir liðnum “kynning”.
- F. **Vinnuhópur um erlend samskipti** – Sveinn sagði frá því að nefndin (hann og Ingvar) hefði ekki fundað á árinu og baðst afsökunar á því.

G. **Spjaldaverkefni** – Sveinn kynnti verkefni um kynningarveggspjöld á vegum SNS, sem farið var af stað með á aðalfundi 2003. Sú áherslubreyting varð að ekki var lengur lögð aðaláhersla á að hafa efnið í Leifsstöð, heldur yrði fræðslunni frekar beint til skóla og ferðamannastaða, auk heimasíðu SNS. Hugmyndin að gera veggspjöld af tveim stærðum. Hönnunarfyrtækið Gagarín, sem hlotið hefur verðlaun fyrir hönnun í Þjóðminjasafninu, Gljúfrasteini og Þingvöllum, myndi sjá um hönnun og prentun. Kynning á landinu fyrir Íslendinga og útlendinga. Óbein auglýsing á náttúrustofunum. Anna benti á að samstarf við skóla opnaði leið að Þróunarsjóði Grunnskóla. Spurt hvort ekki væri eðlilegt að NÍ væri aðili að þessu verkefni. Sveinn svaraði að ávallt yrði leitað til færustu sérfræðinga á hverju sviði ef ástæða þætti til. Einnig benti Smári á það að SNS ætti að leitast við að beina viðskiptum út á land þegar hægt væri að fá sambærilega vöru eða þjónustu þar.

Kl. 15:08 Kaffi

Kl. 15:28 Lagabreytingar

1. gr. Lögð til breyting á b-lið. Náttúrustofu Norðausturlands bætt við.
1. gr. Lögð til breyting á c-lið. “framkvæmdastjórn” breytist í “formennsku”
3. gr. Lögð til breyting á a-lið: “gjaldkeri og ritari” breytist í “tveir meðstjórnendur”.
3. gr. Lögð til breyting á b-lið
6. gr. Lögð til breyting á c-lið: Lagabreytingar bætast við.
6. gr. Lögð til breyting á d-lið: Aðalfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.
6. gr. Lögð til breyting á e-lið: Neitunarvald afnumið.

Umræða um lagabreytingar:

Smári: SNS mjög mikilvæg samtök þótt ekki eigi að leggja óheyrilega mikla vinnu í þau. Lagði áherslu á að ávallt beri að halda aðalfund utan Reykjavíkur.

Rætt dálítið um breytingartillöguna um afnám neitunarvalds. SNS eru samtök samstöðu og t.d. það að einhver mætir ekki á aðalfund eða náttúrustofa leggst niður (eða ef skipt er um starfsfólk og enginn starfandi tímabundið) má ekki hamla starfsemi þeirra.

Allar lagabreytingar samþykktar eftir smávægilegar lagfæringar og breytt lög samþykkt í heild sinni.

Kl. 16:13 Kosning stjórnar

Tillaga Ingvars að nýrri stjórn: Þorleifur formaður, Ingvar og Sveinn meðstjórnendur. Róbert hverfur úr stjórn. Tillagan samþykkt. Róberti þökuð störf sín í þágu SNS.

Kl. 16:16 Kosning í vinnuhópa

Samstarfsnefnd við NÍ: Guðrún og Þorsteinn hafa skipað nefndina og lagt til að þau geri það áfram. Guðrún lagði til að þriðji aðili yrði valinn í nefndina. Róbert valinn í nefndina.

Samstarfsnefnd við UST: Þorleifur og Ingvar hafa skipað nefndina. Þorkell Lindberg valinn í nefndina með þeim.

Aðrir vinnuhópar? Lagt til að fresta afgreiðslu þar til öll mál hafi verið rædd.

### **Kl. 16:22 Sérstök mál**

Ársfundur náttúrustofa (Náttúrustofuþing) – Guðrún

-frá stofnun SNS hefur verið stefnt að veglegum, opinberum ársfundi. Guðrún reifaði hugmynd að Náttúrustofuþingi, t.d. tveggja daga fundi um ýmislegt sem tengist starfsemi náttúrustofa og hlutverkum þeirra. Þetta yrði fundur þar sem blandað væri saman faglegum framlögum, pólitískum, um stöðu náttúrustofanna í samfélaginu o.s.frv. E.t.v. unnið í vinnuhópum hluta tímans.

Þorsteinn fylgjandi opnum fundi en vill frekar fá faglega ráðstefnu, t.d. í apríl.

Telur þetta mjög mikilvægt. Sveinn lagði til að fyrri dagurinn yrði opin náttúrustofuráðstefna en seinni dagurinn vinnufundur, t.d. félags- eða aðalfundur.

Fundurinn samþykkti:

Samþykkt um aðalfund 2005:

Næsti aðalfundur verður haldinn á Húsavík á tímabilinu mars-maí og inniheldur m.a. opna dagskrá þar sem boðið verður aðilum sem málið varða.

Undirbúningsnefnd er skipuð þeim Þorkeli Lindberg Þórarinssyni, Guðrúnu Jónsdóttur og Þorsteini Sæmundssyni. Nefndin skal skipuleggja dagskrá og framkvæmd fundarins.

### **Kl. 16:49 Heimasíða SNS**

Heimasíðan ekki viðunandi á núverandi formi. Kostnaðurinn við lén og netföng er u.þ.b. tvö þúsund kr. á mánuði. Með heimasíðu um 4 þúsund á mánuði.

Rætt um tilgang heimasíðunnar og hvert form hennar ætti að vera.

Mismunandi skoðanir; sumir vilja hafa síðuna dauða en með grunnupplýsingum en aðrir mjög lifandi með fréttum og öllum nauðsynlegum upplýsingum.

Samþykkt fundar: Náttúrustofa Norðurlands vestra tekur að sér að bæta heimasíðu SNS, þ.m.t. kanna möguleika á að fréttir af heimasíðum stofanna uppfærast sjálfvirk.

### **Kl. 17:08 Úttekt á náttúrustofum** – Anna G. Edvardsdóttir

Sótt var um 3 milljónir til fjárlaganefndar fyrir starfsmann til að skoða náttúrustofur m.t.t. starfsemi (t.d. faglega), fjármagns o.fl. Niðurstöður slíkrar úttektar gæti verið skref í átt að stefnumótun til framtíðar.

Fundurinn samþykkti að fela Önnu að útbúa greinargerð um verkefnið til að senda stofnunum fyrir lok febrúar.

### **Kl. 17:22 Aðrir vinnuhópar**

Þakkað fyrir kynningu á spjaldaverkefningu. Fundurinn hvetur NR til að vinna í málinu áfram.

Auk þess starfar hópurinn um innanlandsmál áfram og klárar drög að skýrslu um verkefni náttúrustofa fyrir sveitarfélög. Fundurinn þakkar nefndinni.

Kynningarnefnd lögð niður í bili. Unnið að kynningarmálum á öðrum stöðum.

Utanlandsnefnd þakkað fyrir störf sín og henni gefið frí.

Tillögum ritnefndar vísað til næsta fundar. Menn hugsa málin áfram.

### **Kl. 17:33 Skoðunarmenn reikninga**

Sigríður Elísabet Elisdóttir (NSV) og Líneik Anna Sævarsdóttir (NA) skipaðar skoðunarmenn reikninga.

Kl. 17:35 Önnur mál

**Trúnaðarmaður:** Róbert lagði fram tillögu um að náttúrustofur hefðu sameiginlegan trúnaðarmann. Málinu væri vísað til stjórnar, sem hefði samband við FÍN og kannaði möguleikana.

**Flóruvinir:** Sveinn ræddi hvort SNS ætti að taka afstöðu til þess að náttúrustofur starfræktu landshlutabundnar deildir félagsskaparins. Fundurinn samþykkti að skrifa bréf til Harðar Kristinssonar og segja honum að náttúrustofurnar eru jákvæðar gagnvart félagsskapnum og væru tilbúnar til viðræðna um að halda utan um landshlutabundnar deildir. Guðrún skrifar bréfið.

Fundi slitið kl. 17:53.